

**Nd.**

**527. Breytingartillögur**

[116. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein (verður 1. gr.) svo hljóðandi:

30. gr. laganna orðist svo:

Á framboðslista í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, svo að rétt tala sé eftir.

Á landslista flokks skulu vera minnst 11 og mest 22 frambjóðendur, og sé þeim raðað eftir því, sem viðkomandi flokkur ákveður. Geta bæði frambjóðendur í kjördæmum og aðrir komið til greina.

2. 1. gr. frv. (verður 2. gr.) orðist þannig:

39. gr. laganna orðist svo:

Landslistar stjórn mála flokka og kjörlistar í þeim kjördæmum, sem hlutbundnar kosningar fara fram í, skulu alltaf merktir sama listabókstaf, þannig:

A-listi: Alþýðuflokksins. C-listi: Sameiningarflokks alþýðu — sósíalista-flokksins. F-listi: Framsóknarflokksins og S-listi: Sjálfstæðisflokksins. Þegar nýir stjórn mála flokkar bjóða fram, skulu listar þeirra merktir fyrsta staf í nafni flokksins, ef hann fellur eigi saman við þá listabókstafi, sem þegar eru festir, ella öðrum staf í stafrófinu, sem flokkurinn velur sér, en hann sé alltaf sá sami, á meðan viðkomandi flokkur er til. Ef tveir eða fleiri flokkar bjóða fram saman í einhverju kjördæmi, sé listi þeirra merktur báðum eða öllum listabókstöfum þeirra flokka. Þegar landskjörstjórn hafa borizt landslistar, auglýsir hún þegar í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu, hverjir listarnir séu og hvaða frambjóðendur séu á þeim hverjum um sig.

3. Á eftir 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar (verða 3. og 4. gr.), svo hljóðandi:

a. (3. gr.). Í stað 1.—3. málsgr. 42. gr. laganna komi:

Nú eru fleiri en einn listi boðnir fram fyrir sama stjórn mála flokk í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundinni kosningu, og skal þá merkja þá: A, AA . . . ., C, CC . . . . o. s. frv., eftir þeirri röð, sem þeir berast til kjörstjórnar.

Listar, sem boðnir eru fram utan flokka, skulu merktir stafnum U, ef enginn stjórn mála flokkur hefur helgað sér þann staf, áður en kosningaundirbúningi er lokið, ella þeim bókstaf, er þeir, sem standa að utanflokka-lista, velja sér. Sé fleiri en einn utanflokka-listi boðinn fram, skulu þeir merktir U 1, U 2 o. s. frv.

- b. (4. gr.). 128. gr. laganna orðist þannig:

Frambjóðendur á landslista þingflokks, sem hlýtur uppbotarþingsæti, komast að eftir þeirri röð, sem þeir eru í á landslista, nema röð hafi verið svo mikið breytt af kjósendum, að áhrif hafi samkvæmt reglum 116. gr. laganna.

4. 2. gr. frv. verði 5. gr.